

RARIK hf  
Bíldshöfða 9  
110 Reykjavík

asgjons@rarik.is

Reykjavík 9. október 2018  
UST201809-334/G.G.  
09.07.01

## **Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi - Þúfubjarg að Berudal - rafstrengur og ljósleiðari**

### *Samantekt á lýsingu umsóknar:*

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn frá Ásgeiri Gunnari Jónssyni fyrir hönd RARIK ohf., dagsett 27. sept. 2018, um lagningu rafstrengs og ljósleiðara um hluta þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er friðlýstur sbr. reglugerð nr. 568/2001.

Mannvirkjagerð, efnistaka og hvers konar jarðrask er óheimilt nema til komi sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar.

### *Lýsing verkefnis:*

Verkefnið er samstarfsverkefni RARIK, Vegagerðarinnar og þjóðgarðsins Snæfellsjökuls og var lagnaleiðin valin í samstarfi þeirra. Leggja á rafstreng og ljósleiðara í jörð, nánar tiltekið í vegöxl, frá Þúfubjargi vestur fyrir Beruvíkurlíð sem er nálægt vegamótum niður að Hóláhólum. Fimm tengikassar verða settir upp við vegamót að Malarrífi, Vatnshelli, Purkhóla, vegamót ofan Djúpalóns og við Beruvíkurlíð. Tilgangur með framkvæmdinni er að leggja rafstreng og ljósleiðara fyrir tvo fjarskiptasenda sem Neyðarlínan er að setja upp og munu þeir bæta fjarskiptasamband innan þjóðgarðsins og þar með öryggi gesta sem og annarra. Með umsókninni fylgir kort sem sýnir lagningu línunnar og staðsetningu tengikassa. Í tengikössunum er olía. Tíu manns munu koma að verkinu og notaðar verða beltavélar og jarðýtur. Leyfi sveitarfélagsins liggur fyrir.

### *Áhrifamat:*

Umhverfisstofnun metur, miðað við fyrirbyggjandi gögn og lýsingu, að fyrirhuguð framkvæmd muni ekki rýra verndargildi þjóðgarðsins og ekki sé líklegt að rask verði á náttúruminum svæðisins vegna lagningu rafstrengs og ljósleiðara, enda verði farið í vegöxl þjóðveggar 574 og ekki út fyrir hana. Lagnaleið hefur þegar verið tekin út af Vegagerðinni, Rarik og þjóðgarðsverði og skal halda sig við hana. Mikilvægt er að komið verði í veg fyrir olíumengun á svæðinu, bæði meðan á framkvæmdum stendur og til frambúðar. Huga þarf að forvörnum vegna tengikassa og skulu þeir staðsettir þannig að ekki sé hætt á að þeir verði fyrir utanaðkomandi tjóni með tilheyrandi hættu á olíuleka.

### *Skilyrði:*

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir lagningu rafstrengs og ljósleiðara innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Vinsamlega hafið þetta bréf meðferðis á meðan verkefninu stendur.
- Tilkynna skal til þjóðgarðsvarðar þjóðgarðsins Snæfellsjökuls hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun/þjóðgarðsverði skal tilkynnt um öll frávík við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnunar með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leyti eins fljótt og auðið er.
- Gæta skal sérstaklega að mengunarvörnum véla og tækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Komi til mengunaróhapps á framkvæmdatíma t.d. leki hvers konar vökva frá vinnuvélum skal Umhverfisstofnun upplýst um það.
- Umhverfisstofnun skal ætíð upplýst ef olíuleki kemur frá tengikössum.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Þar sem þarf að fara út fyrir vegi eða göngustíga skal það tryggt að umgangur sé ekki líklegur til að valda gróðurskemmdum.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Starfsmenn verkefnisins gangi syrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður og komið til endurvinnslu eftir því sem við verður komið.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

***Eftirlit:***

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst,

*Hildur Vésteinsdóttir*

Hildur Vésteinsdóttir  
sviðsstjóri

*Jón Björnsson*

Jón Björnsson  
þjóðgarðsvörður